

Miðvikudaginn 16. febrúar 1994.

Nr. 72/1994.

Bliki hf.

(Sigurmar K. Albertsson hrl.)

gegn

Guðmundi Óskarssyni,

Guðmundi Þormóðssyni og

Heiðmundi Sigurmundssyni

(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)

Kærumál. Gjaldþrotalög. Skiptastjóri. Vítur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 14. janúar 1994, sem barst réttinum ásamt kærugögnum 8. febrúar. Kærð er ákvörðun Sigurðar T. Magnússonar, fulltrúa við Héraðsdóm Reykjavíkur, er tekin var í þinghaldi 21. október 1993, að skipa skiptastjóra í þrotabúi Tækniplasts hf. Beiðni varnaraðila, sem ákvörðun héraðsdómara byggist á, laut jafnframt að endurupptöku gjaldþrotaskipta á þrotabúinu, er hófust 15. desember 1988 og lauk 30. júní 1992. Krefst sóknaraðili þess, að ákvörðun þessi verði felld úr gildi, og ennfremur, „að ákvörðun um endurupptöku skiptanna verði felld úr gildi“. Þá krefst hann kærumálskostnaðar. Um kæruheimild er vísað til 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., sbr. 1. tl. 144. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Tekið er fram í kærinni, að framkvæmdastjóri kæranda hafi fengið vitneskju um hina kærðu ákvörðun héraðsdómara 6. janúar sl.

Varnaraðilar krefjast þess aðallega, að kærumálinu verði vísað frá dómi, en til vara, að hin kærða ákvörðun héraðsdómara „og endurupptaka skiptaráðanda á skiptum í þrotabúi Tækniplasts hf. verði staðfest“. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar.

Aðalkröfu sína reisa varnaraðilar á því, að samkvæmt 7. mgr. 75. gr. laga nr. 21/1991 verði ákvörðun héraðsdómara um skipun skiptastjóra ekki kærð til Hæstaréttar. Kæruheimild verði því ekki byggð á 1. mgr. 179. gr. laganna.

I.

Hin kærða ákvörðun héraðsdómara laut ekki eingöngu að skipun manns í starf skiptastjóra, heldur tengdist fyrst og fremst því álitaefni, hvort lagaskilyrði væru til þess, að skipti á þrotabúi Tækniplasts hf. yrðu endurupptekin. Með hliðsjón af því, forsögu kærumálsins og breytingum á löggjöf, sem orðið hafa, frá því að lokið var skiptum á þrotabúinu, verður að líta svo á, að kæruehimild sé til staðar. Hún tekur hins vegar eingöngu til hinnar kærðu ákvörðunar héraðsdómara, en vitaskuld verður ákvörðun skiptastjóra um endurupptöku skiptanna ekki skotið til Hæstaréttar.

II.

Þegar bú Tækniplasts hf. var tekið til gjaldþrotaskipta í desember 1988, rak félagið mál á bæjarþingi Garðabæjar gegn Sæplasti hf. á Dalvík, sem gagnstefndi Tækniplasti hf. Málið var höfðað í desember 1987 til innheimtu á hluta af tæknigjaldi samkvæmt kaupsamningi milli félaganna, en með samningi þessum hafði Tækniplast hf. selt Sæplasti hf. tæki og tækniþekkingu. Dómur í málinu var kveðinn upp 19. júní 1989. Samkvæmt honum var Sæplasti hf. gert að greiða í aðalsök 1.689.769 krónur og vexti, en Tækniplasti hf. í gagnsök 291.706 krónur og vexti. Sæplast hf. áfrýjaði dóminum til Hæstaréttar 8. desember 1989.

Hinn 26. september 1991 höfðaði þrotabúi Tækniplasts hf. mál á bæjarþingi Garðabæjar gegn Sæplasti hf. til heimtu eftirstöðva tæknigjalds, en samkomulag varð um, að það mál hvíldi, uns endanlegur dómur lægi fyrir í fyrra málinu. Hinn 4. mars 1993 var kveðinn upp í Hæstarétti dómur í því máli. Var héraðsdómur og málsmeðferð að hluta ómerkt. Byggðist niðurstaða dómsins á því, að farist hafði fyrir, að þrotabúi Tækniplasts hf. tæki við aðild hins fyrra dómsmáls, þegar félagið var tekið til gjaldþrotaskipta, og að það var enn við uppsögu héraðsdóms hálfu ári síðar formlegur aðili að málinu, auk þess sem lögmaður félagsins annaðist áfram rekstur þess án umboðs frá þrotabúinu. Þá var í dóminum bent á, að óhjákvæmilegt virtist, að sakarefni beggja umræddra dómsmála yrðu sameinuð í eitt mál í héraði, þar sem málsatvik, forsendur að kröfugerð og ágreiningsefni væru eins í báðum málum og þau álitaefni samofin, sem skera þyrfti úr.

Þegar hér var komið, voru átta mánuðir liðnir, frá því að lokið var skiptum í þrotabúi Tækniplasts hf. Hinn 8. september 1993 sneru varnaraðilar sér til Héraðsdóms Reykjavíkur með beiðni um, að „tekin verði upp skipti á þrotabúi Tækniplasts hf., til þess að búinu verði settur skiptastjóri, . . .“. Í forsendum að ákvörðun héraðsdómara um skipun skiptastjóra í þrotabúinu segir meðal annars: „Beiðni um endurupptöku er á því byggð að kröfur á hendur Sæplasti hf. hljóti að teljast eignir í skilningi 1. mgr. 164. gr. laga nr. 21/1991. . . . hluthafar í Tækniplasti hf. hafi hagsmuni af því að framangreind dómsmál verði til lykta leidd en það sé ekki mögulegt nema skipti verði endurupptekin. Að öðrum kosti verði sýknað í málunum vegna aðildarskorts.

Samkvæmt 164. gr. gjaldþrotalaga nr. 21/1991 skal skiptastjóri taka afstöðu til þess, hvort skipti verði endurupptekin. Með tilliti til kringumstæðna þegar skiptum var lokið á þrotabúinu 30. júní 1992 og þess að ekki hafði verið skipaður sérstakur skiptastjóri í þrotabúinu þykir við þessar sérstæðu aðstæður bera að taka beiðnina til greina, enda hafa beiðendur hagsmuni af endurupptöku skiptanna.“

Skiptastjóri var skipaður Brynjar Níelsson héraðsdómslögmaður. Hann ákvað 1. nóvember 1993 með vísun í 164. gr. laga nr. 21/1991 að endurupptaka skipti á þrotabúinu og gaf lögmanni varnaraðila umboð til að halda áfram rekstri umræddra dómsmála.

III.

Fjórir aðilar höfðu lýst kröfum í þrotabú Tækniplasts hf., samtals að fjárhæð 5.123.424 krónur. Meðal þeirra var Frjálst framtak hf. Nam krafa félagsins 63.979 krónum. Hinn 27. mars 1990 ritaði skiptaráðandi kröfuhöfum bréf, þar sem gerð var grein fyrir áður nefndum héraðsdómi og áfrýjun hans til Hæstaréttar. Jafnframt var þess getið, að einn varnaraðila í kærumáli þessu, Guðmundur Óskarsson, formaður stjórnar Tækniplasts hf., hefði tjáð skiptaráðanda, að hann og aðrir stjórnarmenn í félaginu myndu halda uppi vörnum í málinu fyrir Hæstarétti á sinn kostnað og ábyrgð og hefðu ráðið sér málflutningsmann í því skyni. Með nefndu bréfi boðaði skiptaráðandi kröfuhafa og stjórnarmenn í félaginu á skiptafund til könnunar á því, hvort kröfuhafar væru reiðubúnir til þess að reka málið á sinn kostnað. Jafnframt var tekið fram, að ekki yrði af búsins

hálfu haldið uppi vörnum í málinu, þar sem búið væri eignalaust. Lét skiptaráðandi þess getið í lok bréfsins, að yrði ekki mætt af hálfu kröfuhafa samkvæmt fundarboðinu, myndi lítið svo á, að þeir ætluðu sér ekki að ábyrgjast kostnað af rekstri málsins fyrir Hæstarétti. Formaður stjórnar Tækniplasts hf. mætti á boðaðan skiptafund og kynnti skiptaráðanda ákvörðun fimm hluthafa í félaginu að ábyrgjast greiðslu kostnaðar við málareksturinn. Enginn mætti hins vegar á fundinn af hálfu kröfuhafa. Svo fór, að varnaraðilar í kærumáli þessu tóku við rekstri máls þrotabús Tækniplasts hf. fyrir Hæstarétti.

Með auglýsingu í 75. tbl. Lögbirtingablaðs, er út kom 12. júní 1992, boðaði skiptaráðandi skiptafund í þrotabúi Tækniplasts hf. 29. s.m. Tilgangur fundarins var að gefa fundarmönnum kost á að setja tryggingu fyrir kostnaði af frekari skiptameðferð á búinu, en fengist hún ekki, mætti búast við, að skiptameðferð lyki á fundinum í samræmi við 120. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Fundur þessi var ekki sóttur af hálfu kröfuhafa, og var skiptameðferð þrotabúsins lokið á fundinum.

IV.

Að frá gengnum kröfuhöfum í þrotabúi Tækniplasts hf. var samþykki skiptaráðanda á þeirri málaleitan stjórnarmanna í félaginu, að þeir tækju að sér á eigin kostnað og ábyrgð rekstur umræddra dómsmála, í samræmi við 115. gr. laga nr. 6/1978. Eftir að þetta lá fyrir, voru ekki lengur lagaskilyrði til þess, að kröfuhafar fengju hnekkð þessari ráðstöfun, enda höfðu þeir enga gilda hagsmunir af því, úr því sem komið var. Við svo búið var ótvírætt, að forræði stjórnarmanna í Tækniplasti hf. á því að sjá um rekstur málanna fyrir dómstólum og leiða þau til lykta var lögum samkvæmt. Er og ekki vitað til, að andmæli við þessu af hálfu kröfuhafa hafi komið fram fyrir en með kröfu sóknaraðila í kærumáli þessu, þremur og hálfu ári eftir að til meðferðar var í skiptarétti ósk varnaraðila um að nýta rétt þrotamanns samkvæmt 115. gr. laga nr. 6/1978. Samkvæmt þessu eiga kröfur sóknaraðila sér enga lagastoð.

Engin lagahindrun var því í vegi, að umræddum dómsmálum yrði haldið áfram, enda þótt skiptum í þrotabúi Tækniplasts hf. væri lokið, sbr. 126. gr. laga nr. 6/1978, sbr. nú 2. mgr. 157. gr. laga nr. 21/1991.

Meðferð þrotabúsins var ekki falin skiptastjóra, sbr. 89. gr. laga nr. 6/1978. Ef til endurupptöku búsmæðferðar hefði komið samkvæmt 126. gr. laganna, að fengnum lyktum umræddra dómsmála, myndi skiptaráðandi hafa annast hana. Samkvæmt 1. mgr. 75. gr. laga nr. 21/1991 skal skipa skiptastjóra til meðferðar á þrotabúum. Til þess hefði þurft að koma, ef þrotabúi Tækniplasts hf. áskotnaðist fé við lok margnefndra dómsmála. Á hinn bóginn var hvorki þörf á skipun hans né endurupptöku búsmæðferðar, fyrr en á það reyndi, þar sem heimild varnaraðila til reksturs umræddra dómsmála af hálfu þrotabúsins var enn í fullu gildi. Þrátt fyrir það þykir hin kærða ákvörðun um skipun skiptastjóra mega standa óhögguð, enda raskar hún í engu hagsmunum þeirra, sem hér geta að lögum átt hlut að máli.

Með hliðsjón af atvikum öllum og tildrögum kærumáls þessa ákveðst kærumálskostnaður 100.000 krónur. Við ákvörðun hans hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

V.

Með kæru 29. nóvember 1993 skaut Sæplast hf. til Hæstaréttar þeirri ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur, sem hér er til meðferðar. Var aðild félagsins að kærumálinu sögð byggjast á því, að það hefði verulega hagsmuni af því, að málaferli fyrrum hluthafa í Tækniplasti hf. féllu niður, þar sem þau hefðu valdið Sæplasti hf. skaða og óþægindum. Með dómi Hæstaréttar 5. janúar sl. var kærumálinu vísað frá dómi með svofelldum rökum: „Enda þótt ósk varnaraðila um endurupptöku gjaldþrotaskipta í þrotabúi Tækniplasts hf. og skipun skiptastjóra tengist dómsmálum milli sóknaraðila og þrotabúsins, skapar það sóknaraðila engan rétt til afskipta af úrlausn þess álitaefnis. Skortir því lagaskilyrði fyrir kæru hans á framangreindri ákvörðun héraðsdómara . . .“

Í kæru þeirri til Hæstaréttar, sem hér er til meðferðar, greinir frá því, að sóknaraðili hafi fengið kröfu Frjáls framtaks hf. í þrotabúi Tækniplasts hf., er áður getur, framselda 27. maí 1993 og að aðild sóknaraðila að kærumálinu byggist á því framsali.

Í gögnum kærumálsins kemur fram, að formaður stjórnar Sæplasts hf., Matthías B. Jakobsson, er einn þriggja manna, sem skipa stjórn Blika hf., sóknaraðila kærumálsins.

Þegar litið er til niðurstöðu héraðsdóms í hinu fyrra máli þrota-

bús Tækniplasts hf. gegn Sæplasti hf. og gagnsök, er ljóst, að þrotabúinu gat verið töluverður fjárhagslegur akkur í því, að málið yrði til lykta leitt fyrir dómstólum, þar sem búið gat vænst verulegra fjármuna upp í lýstar kröfur. Að sama skapi var það í þágu hagsmuna Sæplasts hf., að komið yrði í veg fyrir það. Aftur á móti er vandséð, hvern hag Bliki hf. hafði af slíkum málalokum, enda í engu samræmi við framsal til félagsins á kröfu í þrotabú Tækniplasts hf. Verður ekki séður annar tilgangur með þessu en sá að freista þess að ná því fram, sem Sæplasti hf. tókst ekki að koma fram í hinu fyrra kærumáli. Af þessu er ljóst, að málstaður sóknaraðila er með þeim hætti, að hann átti ekki erindi fyrir Hæstarétt. Er málarekstur fyrir dómstólum af þessu tagi ámælisverður og framganga Sigurmars K. Albertssonar hæstaréttarlögmanns í kærumálinu vítaverð.

D ó m s o r ð:

Hin kærða ákvörðun er staðfest.

Sóknaraðili, Bliki hf., greiði varnaraðilum, Guðmundi Óskarssyni, Guðmundi Þormóðssyni og Heiðmundi Sigurmundssyni, sameiginlega 100.000 krónur í kærumálskostnað.
